



Reynsla - Líkhyggja - Trúast

Fundargerð aðalfundar KGRP

Aðalfundur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma var haldinn á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð mánudaginn 15. maí 2023 kl. 18:00.

Fulltrúar eftirfarandi sókna mættu eða tilkynntu forföll:

Árbæjarsókn	Guðrún Nikulásdóttir
Ásatrúarfélagið	Jóhanna Harðardóttir
Ássókn	Kristján Guðmundsson
Breiðholtssókn	Emilía G. Svavarsdóttir
Bústaðasókn	Dóra Berglind Torfadóttir
Digranessókn	Forföll
Dómkirkjusókn	Einar S. Gottskálksson
Fella- og Hólasókn	Jóhann Úlfarsson
Fríkirkjusöfnuðurinn	Forföll
Grafarholtssókn	Hafberg Þórisson
Grafarvogssókn	Forföll
Grensássókn	Kristinn Guðmundsson
Hallgrímssókn	Einar Karl Haraldsson
Háteigssókn	Þorgils Baldursson
Hjallasókn	Andrés Jónsson
Kapólski söfnuðurinn	Forföll
Kársnessókn	Forföll
Langholtssókn	Forföll
Laugarnessókn	Egill Heiðar Gíslason
Lindarsókn	Hafþór Freyr Sigmundsson
Nessókn	Aðalheiður Steindórsdóttir
Óháði söfnuðurinn	Valur Sigurbergsson
Seljasókn	Ólafur Karlsson
Seltjarnarnessókn	Ólafur Egilsson
Siðmennt	Sigurður Rúnarsson

Aðrir fundarmenn:

Ingvar Stefánsson, Sólveig Halldórsdóttir, Gestur Hreinsson, Jóanna Hrönn Sigurðardóttir, Helena Sif Þorgeirsdóttir, Sigríður Inga Magnúsdóttir, Helga Þóra Jónsdóttir, Helga Oddsdóttir, Helga Halldórsdóttir, Kári Aðalsteinsson og Heimir Janusarson, öll frá KGRP. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prófastur RPA.

Egill Heiðar Gíslason formaður stjórnar KGRP bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Egill Heiðar býður þá sem ekki hafa áður mætt á fundi sérstaklega velkomna. Egill Heiðar lagði til að Einari Karli Haraldssyni yrði falið að stjórna fundi og Sólveigu Halldórsdóttur yrði falið að rita fundargerð. Það var samþykkt.

Dagskrá fundarins var send út með 10 daga fyrirvara ásamt ársreikningi KGRP:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi KGRP á næstliðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag KGRP lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrsla um starfsemi útfararþjónustu
4. Kosning í stjórn ÚK ehf. til eins árs
5. Ákvörðun þóknunar fyrir setu í framkvæmdastjórn KGRP
6. Kosning í framkvæmdastjórn KGRP
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga KGRP og Útfararstofu og tveggja til vara til tveggja ára.
8. Önnur mál.
Stefnumótun KGRP

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi KGRP á næstliðnu ári.

Ingvar fletti skýrslunni og gat um helstu verkefni á árinu 2022 og fléttaði inn helstu kennitölum úr ársreikningi KGRP. Ingvar fjallaði um áskoranir í tengslum við framlag ríkisins og í framhaldi fjallaði hann um rekstur á árinu 2022, rekstrargjöld hafa hækkað á milli ára.

Fjallað um starfsmannahald og fundi framkvæmdastjórnar. Ingvar nefndi þá vinnu sem hefur farið fram í stefnumótun á árinu en það verður nánar kynnt síðar á fundinum. Ingvar fór yfir tölur varðandi bálfarir, greftrun og athafnir í rýmum og stiklaði á stóru varðandi garðana.

2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag KGRP lagðir fram til samþykktar.

Ingvar kynnir reikninga KGRP. Ingvar fer yfir hvernig tekjurnar myndast í rekstrinum og að gjöld hafi hækkað. Veltufjárhlutfallið er 1,08. Félagið er mjög sterkt og eigið fé slagar í milljarð. Sjóðstreymið sýnir að reksturinn er að skila handbæru fé þó það sé rekstrartap og lokaniðurstaðan er hagnaður.

Fundarstjóri gaf laust orðið fyrir umræður en enginn hafði athugasemdir eða spurningar.

Reikningar bornir upp og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Skýrsla um starfsemi útfararþjónustu

Egill Heiðar talar um aðskilnað útfarastofu frá KGRP og að gengið hafi verið í að aðskilja alveg á síðasta ári.

Egill Heiðar fer yfir rekstur ÚK á síðasta ári. Veltufjárhlutfall 1,74. Niðurstaða rúmlega 32 milljóna króna hagnaður. KGRP setti ÚK arðsemiss stefnu þar sem lögð var áhersla á að fyrirtæki skili þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum til eiganda, þó með tilliti til ákveðnina viðmiða um fjárhagsstöðu og áhættu. Ákveðið var að gera kröfu um 50% arð frá ÚK sem rennur til þess að tryggja og treysta þá starfsemi sem fer fram í gördunum.

Rekstur ÚK gekk mjög vel og það hefur tekist á mjög skömmum tíma að snúa rekstrinum til betri vegar. Egill þakkar stjórn ÚK fyrir.

4. Kosning í stjórn ÚK ehf. til eins árs

Egill Heiðar segir að eftir aðskilnað skuli kjósa stjórn ÚK á aðalfundi ÚK en honum hafi fundist eðlilegt að á þessum fundi fari fram almennar umræður og áform séu kynnt. Því hafi þessum lið verið frestað á aðalfundi útfararstofunnar. Hins vegar er það þannig að ekki verður kosið á þessum fundi í stjórn ÚK, það þarf að gerast á fundi hjá ÚK. Egill Heiðar leggur til að núverandi stjórn sitji þetta árið.

Umræður: Spurt er hvernig þetta muni vera í framtíðinni?

Svar: Egill Heiðar fer með umboð KGRP á aðalfundi ÚK og kemur fram fyrir hönd KGRP. Hann taldi eðlilegt að bera áform um áframhaldandi kosningu núverandi stjórnar ÚK undir aðalfund.

Skiptar skoðanir eru meðal fundarmanna um hvort þetta teljist rétt leið en meirihlutinn samþykkur.

Athugasemdir um lið 3 og 4: Í rekstrarreikning KGRP er talað um eitt dótturfélag en þau eru í raun fleiri. Hefði ekki átt að fjalla um þau?

Svar: Ingvar svarar því að KGRP eigi ekki annað félag þar sem einhver starfsemi eða rekstur er í, þetta eru endurskoðaðir reikningar og þetta hefur ekki komið upp hjá endurskoðendum. Þetta sé hins vegar góð ábending sem litið mun verða til á næsta ári.

Egill Heiðar ítrekar að rekstur ÚK hafi verið góður og því beri að fagna, það skipti miklu máli að vel sé staðið að rekstri svona félaga. Hann þakkar fyrir umræður og ábendingar.

5. Ákvörðun þóknunar fyrir setu í framkvæmdastjórn KGRP

Tillaga lögð fram um óbreytta þókun. Egill Heiðar fór yfir þær tölur.

Tillögur um þóknanir voru samþykktar samhljóða.

6. Kosning í framkvæmdastjórn KGRP

Að þessu sinn er kosið um tvo aðalmenn og einn varamann. Aðalmenn í framboði eru Kristján Guðmundsson, Ássókn, og Emilía G. Svavarsdóttir, Breiðholtssókn. Voru bæði kjörin með öllum greiddum atkvæðum. Varamaður til tveggja ára í framboði er Aðalheiður Steindórsdóttir, Nessókn. Kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga KGRP og Útfararstofu og tveggja til vara til tveggja ára.

Kjörnir voru félagslegir skoðunarmenn reikninga KGRP og ÚK ehf og voru Dóra Berglind Torfadóttir, Búðstaðarsókn, og Einar Gottskálksson, Dómkirkjusókn, kjörin sem aðalmenn en vantar tvo varamenn. Tillaga um Hafþór Freyr Sigmundsson, Lindarsókn og Björgu Dan Róbertsdóttur, Langholtssókn. Kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

8. Önnur mál

Stefnumótun KGRP

Ingvar fer yfir afrakstur stefnumótunarvinnu og hugmyndir að drögum að stefnu fyrir KGRP. Fjallar um markmið með stefnumótunarvinnunni og sagt frá því að byrjað hafi verið að vinna í stefnumótun í haust og meðal annars hafi verið vinnustofur með starfsmönnum og rætt við hagsmunaaðila. Fullt af jákvæðum þáttum sem kom í ljós í samræðum við hagsmunaaðila.

Stóra myndin er sú að það verður til stefna sem unnið er eftir sem styður við hlutverk KGRP.

Ingvar fer yfir fimm stoðir til framtíðar sem starfsemi og stefna KGRP munu byggja á og fjóra þætti sem styðja við þessar grunnstoðir.

Ingvar leggur til að skipt verði í hópa og rætt um stefnumótunina.

Egill Heiðar tekur til máls og útskýrir að hugmyndin sé að skipt verði upp í hópa og rætt um stefnuna svo verði efni stefnumótunarinnar sent út og hver og einn komi með hugmyndir fyrir ákveðin tímamörk í framhaldi af þessum fundi.

Ingvar útskýrir hópavinnuna og skiptir í fjóra umræðuhópa.

Eftir hópavinnu fór fulltrúi frá hverjum hóp yfir þær umræður og hugmyndir sem mynduðust í hópnum.

Ingvar þakkaði fyrir góðar umræður og sagði mikilvægt fyrir stjórn, stjórnendur og starfsfólk að tekin yrði ákvörðun um stefnuna þó svo að ekki séu allir sammála. Ingvar lagði til að kynning yrði send á stjórn og gefinn yrði frestur til 15. júní til að skila inn athugasemdum varðandi stefnumótunina.

Ekki önnur mál á dagskrá.

Formaður tekur við stjórn fundar. Formaður þakkar fyrir frjóa og góða umræðu og ítrekar að halda verði umræðunni áfram. Þakkar framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir vel unnin störf á liðnu ári og fundarstjóra og fundarritara. Flytur kveðju frá Sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur prófastri í RPV sem sjá sér ekki fært að mæta á fundinn.

Formaður slítur fundi kl 19.40.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundargerð ritaði Sólveig Halldórsdóttir